

Sótt fram án eigna

Hvernig má það vera að stærsta leigubíla-fyrirtæki heims, Uber, á enga bíla og stærsti smásali heims, Alibaba, á engan lager? Og hvernig má það vera að flestar gistinætur ferðalanga í heiminum eru skráðar hjá félagi sem á engar fasteignir, Airbnb, og vinsælasti fjölmiðill heims, Facebook, skrifar ekkert efni sjálfur? Það mætti halda að við værum farin að selja norðurljósin.

Guðrún Högnadóttir segir að þessi nýju markaðstorg sem spretta upp í okkar rafræna vel tengda heimi byggist á einstöku líkani viðskipta þar sem gagnkvæmt traust er hinn nýi gjaldmiðill, upplýsingar

eru forsenda ákvörðunartöku og nýting á auðlindum drífur framboð og eftirspurn. Hún bendir á að deiliahagkerfið hafi þegar breytt heiminum og muni

bylta því hvernig fólk skiptist á vöru, þjónustu og þekkingu til framtíðar.

„Líkt og örlánahugmyndafræðin einfaldaði aðgang að fjármagni hafa „örþjónustumiðlar“ sprottið upp víða og einfaldað líf okkar. Vanti fólk aðstoð við að setja saman IKEA-borðið finnur það hjálparhönd á TaskRabbit, það finnur gæslu fyrir hvutta í fríinu á góðu heimili hjá DogVacay, „Dogtastic Home Away From Home“, og hægt er að stofna sína eigin skyn-

diskilaboðasjónvarpsstöð t.d. með Snapchat.“

Guðrún segir að mögulegur hagur deiliahagkerfisins fyrir samfélagið felist í betri nýtingu á aðföngum, auknum hagvexti og velferð með því að hvetja til neyslu, aukinnar framleiðni og nýsköpunar.

„Deiliahagkerfið býður upp á milliliðalaus viðskipti, lægri kostnað, einfaldleika, fjölbreytileika og eykur gagnkvæman hag seljenda og kaupenda.

Mikilvægt er að hið opinbera nýti sömu gildi hagkvæmni, einfaldleika og sjálfbærni í að hanna ramma eftirlits og skattumgjarðar til að þjóna vexti á sameiginlegri vegferð okkar.“ **FV**



„Vanti fólk aðstoð við að setja saman IKEA-borðið finnur það hjálparhönd á TaskRabbit, það finnur gæslu fyrir hvutta í fríinu á góðu heimili hjá DogVacay.“